Snjóflóðavarnir Siglufirði





Verkið felst í uppsetningu stoðvirkja til snjóflóðavarna í N-Fífladölum og Hafnarhyrnu ofan byggðar á Siglufirði.

Framkvæmdasvæðið er í brattri fjallshlíð með klettabeltum. Hæð yfir sjávarmáli er frá 320 m upp til 570 m og verður vinna við þær aðstæður krefjandi.

Heildarlengd stoðvirkjanna er um 1.600 metrar sem verða reist í 14 línum. Lagður hefur verið vegslóði og útbúið plan fyrir efni og búnað í um 320 m hæð.

Þyrlur verða notaðar að mestu leyti við flutning á efni og búnaði þaðan upp á framkvæmdasvæðið.

Gert er ráð fyrir að aðeins sé hægt sé að vinna við verkið yfir sumarmánuðina vegna veðurs og snjóa.

Verkkaupi
Fjallabyggð og Ofanflóðasjóður

Upphaf framkvæmda
Október 2013

Lok framkvæmda
September 2014

Undirbúningsathuganir
Hnit og Orion

Verkhönnun
Verkís

Eftirlit
Framkvæmdasýsla ríkisins

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is